

2. Tekjur af almennu tryggingagjaldi umfram það sem ákveðið er í 1. tölul. renni til Tryggingastofnunar ríkisins til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almanna-trygginga eftir reglum sem fjármálaráðherra setur með reglugerð.

Um hlutdeild opinberra byggingarsjóða í almennu tryggingagjaldi fer eftir ákvæðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, svo og ákvæðum lánsfjárlaga og fjárlaga hverju sinni.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 6. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „720.000“ í 2. másl. kemur: 748.224.
- b. 3. másl. fellur brott.

5. gr.

Í stað orðsins „tryggingagjalds“ í viðauka I við lögina kemur: almenns tryggingagjalds.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1996 og álagningu á árinu 1997.

Gjört í Reykjavík, 19. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður, 9. tölul., svohljóðandi:

9. Fyrir háttsemi, sem greinir í samningi gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 10. desember 1984. Mál samkvæmt þessum tölulið skal þó aðeins höfða eftir fyrirskipun dómsmálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.